

innlendu guðir þeirra voru ófullkomnir, en trú þeirra á verndaranda fyrir alla menn var rótgróin. Saga trúarbragða þeirra er öll um það, hvernig útlend trúarbrögð komu hvað eftir annað inn í landið með verzlunar og stjórn mála legum viðskiftum við aðrar þjóðir. Við hlið innlendu guðanna komu hinir ný-innfluttu guðir; fyrst grískir guðir og síðan austurlenzkir. — Sybil, Bakkus, Mípras, Isis. Móttækileiki fyrir trú einkendi Róm — móttækileiki miklu fremur en trúarleg starfsemi. Þessi rómverski móttækileiki varð hjá stjórn mála mönnum þeirra að umburðarlyndi, sem er sama og afskiptaleyfi um trúmál — umburðarlyndi, sem þegar það er meginregla stjórn mála manna, leggur áherzlu á ytri trúarbragða síði vegna pólitískra hagsmuna, og sameinar helgisíðahald og algert afskiptaleyfi um hverju hver og einn trúir eða hverju hann trúir ekki. Þannig urðu í Róm hinir ytri trúarsíðir innihaldslausir; í þeim myndaðist óeðlileg auðn, sem menn ekki gátu sætt sig við. Syndarmeðvitund, þrá eftir frelsun og hjálpræðisþörf, sem studdu að ef ekki voru orsök dultrúarinnar í Eleosis og annarstaðar í hinum gríska heimi, áttu sér einnig stað í Róm, og dulspekin, sem þreift í þeim jarðvegi hefir skilið eftir ummerki sín í sjöttu bókinni í *Æneid* Virgilíusar. Þessi tilfinning um þörf á frelsun var notuð í pólitískum tilgangi af Ágústusi. Stjórn hans átti að byrja nýtt tímabil endurfæðingar og endurnýjungar mannkynsins. Frelsunin átti vissulega að vera þjóðleg, en ekki fyrir einstaklinginn, og hún átti að vera einkend með margbrotnum síðum. Til Hórasar voru sótt ljóð; musteri og prestaembætti voru endurnýjuð; Virgilíus var kvaddur til að tengja mikilleik nútímans við dýrð hins liðna. En samt mistókst þessi tilraun að hverfa aftur í tímann. Eða öllu heldur hún tókst, því tilgangurinn, sem á bak við lá, var ekki að hverfa aftur til lýðveldistímanna og lýðveldisstjórnarinnar, heldur að gera greiðari umskiftin frá lýðveldinu til keisaravaldsins, með því, að láta líta svo út sem hreyfingin væri afturhvarf til eldra fyrirkomulags. Tilgangurinn í öllu saman var ekki trúarbragðalegur heldur pólitískur. Keisararnir urðu guðdómlegir, verndarandar þeirra voru tilbeðnir. Upp úr samblöndun allra hugsanlegra trúarbragða, innlendra, grískra, austurlenzkra, reis